



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Miðvikudagur 1. febrúar 2017

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Hörðuheimar

Dægradvölin okkar í Hörðuvallaskóla hefur til þessa í raun verið nafnlaus en hefur nú hlotið nafnið Hörðuheimar. Hugmyndum að nöfnum var safnað í sérstakan hugmyndakassa og síðan var kosið á milli þeirra nafna sem oftast komu fyrir og varð þá þetta ágæta nafn fyrir valinu. Þá er einnig vert að nefna að í desember varð til hjá okkur staða aðstoðarforstöðumanns í Hörðuheimum og þar valdist til starfa Katrín Bjarney Hauksdóttir sem starfar nú við hlið Birtu forstöðumanns. Netföng þeirra eru birta.b@kopavogur.is og katrin.h@kopavogur.is

Kæra skólasamfélag

Það er sannarlega gaman að vinna í skóla og eitt af því sem gerir það svo skemmtilegt er að "efniviðurinn" er lifandi og stundum óútreiknanlegur, engir tveir dagar eru eins og það gerist margt á stórum vinnustað, oftast skemmtilegir hlutir en líka stundum erfiðir eins og gengur. Það er nefnilega þannig að börnin okkar gera stundum mistök, eins og reyndar við sjálf - þó það nú væri - þau eru nefnilega börn! Við fullorðna fólkið gleymum stundum hversu eðlilegt þetta er og verðum pirruð á þessu, ætlumst til þess að krakkarnir kunni alla hluti, fæðist snillingar í samskiptum og lendi aldrei í neinum árekstrum, það er dálítið galið ekki satt? Við verðum jafnvel upptekin af því að finna sökudólg þegar í raun er bara um ósköp eðlilega hluti að ræða. Það er einfaldlega okkar hlutverk að leiðbeina börnunum og það er ekkert eðlilegra en að börn lendi í margvíslegum árekstrum og uppákomum sem við þurfum að ræða við þau, finna út orsakir og vinna í sameiningu að bættri líðan og hegðun. Þetta er væntanlega veruleikinn í öllum skólum, öllum fjölskyldum og alls staðar þar sem fengist er við uppeldi. Ef við náum að sættast við þetta hlutverk okkar getum við jafnframt farið að hafa svolítið gaman af því, þegar upp er staðið er þetta allt saman nefnilega eitt af því sem gerir lífið svolítið dásamlegt, ekki satt?

Ágúst Jakobsson, skólustjóri

Viðurkenningar fyrir ljóð í ljóðsamkeppni grunnskóla Kópavogs

Verðlaun í árlegri ljóðsamkeppni grunnskólanna í Kópavogi voru veitt á dögnum. Verðlaunin að þessu sinni komu í hlut nemenda úr Kársnesskóla og Salaskóla en þrír nemendur úr Hörðuvallaskóla hlutu viðurkenningar fyrir sín ljóð. Þau má sjá hér að neðan:

Snjór

Grasið er eins og tannbursti heimsins.
Snjórinn er tannkremið sem leggst yfir grasið.
Skýin eru tennurnar og sólin er vatnið
sem skolar burt tannkremið af tannburstanum.

Sigþór Atli Sverrisson 7.L

Máninn

Máninn er eins og golfkúla
og þegar kylfan hittir
kúluna

kemur
sólin.

Eldur Orri Bjarkason 7.L

Hlátur

Hlátur alltaf jafn kátur,
þegar einhver fær mann til að hlæja
þá líður manni oft betur.
En stundum getur hlátur
verið vondur.

Særir fólk og gerir það leitt,
hlátur getur líka meitt.

Jón Skúli Ómarsson 7.S

Allir lesa - Landsleikur í lestri

Nú er í gangi hinn stórskemmtilegi landsleikur Allir lesa og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að mynda lið með börnunum sínum.

Bæði er hægt að skrá þann tíma sem hver og einn liðsmaður les sjálfur og einnig má skrá tíma sem lesinn er fyrir börnin, bæði á þann sem les og þann sem hlustar. Þegar börn lesa fyrir foreldra gildir hið sama, tíminn skráist á báða aðila. Lið samanstanda af þremur eða fleiri liðsmönnum og má skrá allan aldur, jafnvel nokkurra daga gömul kríli geta verið mikilvægir liðsmenn. Börn og fullorðnir verja æ meiri tíma fyrir framan skjá og því er tilvalið að byrja árið á því að verja meiri tíma í yndislestur. Landsleikurinn varir frá **27. janúar til 19. febrúar** og allir geta myndað lið, eða keppt sem einstaklingar. Skráning fer fram á allirlesa.is en þar er einnig að finna frekari upplýsingar um leikinn.




Uppeldistækni og tækniuppeldi - fræðslufundir á vegum Samkóp

Samtök foreldrafélaga grunnskóla Kópavogs standa fyrir þremur fræðslufundum 1., 8. og 15. febrúar í Kópavogi fyrir foreldra grunnskólabarna. Á fundunum er fjallað um hvað foreldrar geta gert til að stýra tölvunotkun barna sinna og er m.a. fjallað um hver beri ábyrgð á tölvunotkuninni, hvernig hægt sé að takmarka tíma barnanna í tölu, gefnar eru hugmyndir að samningum og reglum o.fl. Þá verður einnig fjallað um jákvæðar hliðar spjaldtölvunotkunar og gefin ráð um hvernig foreldrar geta gripið inn í notkun nemenda á spjaldtölvunum ef á þarf að halda. Fundirnir verða haldnir sem hér segir:

- 1. febrúar – Hörðuvallaskóli - Vallakór - 19:30-21:00
- 8. febrúar – Álfnólsskóli – 19:30-21:00
- 15. febrúar – Smáraskóli – 19:30-21:00

Allir velkomnir!



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	
	30. Heimalagaður plökkfiskur m/ rúg-brauði. Salatbar og ávextir. 7.b. fer í skólábúðir	31. Grísagúllas í karrý-kókös-mangósósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	1. Íslensk kjötsúpa. Ávextir.	2. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir.	3. Grjónagrautur og slátur. Ávextir. Dagur stærðfræðinnar	4.	
5.	6. Ofnbakaður fiskur m/ kartöflum og kokteilsósu. Salatbar og ávextir.	7. Grænmetisbuff m/ hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir.	8. Hakk og pasta. Salatbar og ávextir.	9. Fiskur í raspi m/ kartöflum og kokteilsósu. Salatbar og ávextir.	10. Mexikönsk kjúklingasúpa. Ávextir.	11.	
12.	13. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir. 9.b. fer í skólábúðir	14. Grænmetissúpa m/ brauði og smjöri. Ávextir.	15. Kjöttbollur m/ kartöflum og brúnni sósu/sultu. Salatbar og ávextir.	16. Ofnbökuð langa m/ kartöflum og karrísósu. Salatbar og ávextir. Spilakvöld Foreldrafélagsins	17. Skyr og flatkukur. Ávextir.	18.	
19.	20. VETRARFRÍ Dægradvöl lokuð	21. VETRARFRÍ Dægradvöl lokuð	22. Heitur pastaréttur. Salatbar og ávextir.	23. Soðin ýsa m/ kartöflum og smjöri. Salatbar og ávextir.	24. Kalkúnalasagne. Salatbar og ávextir.	25.	
26.	27. Fiskibollur m/ kartöflum og brúnni sósu. Salatbar og ávextir. Bolludagur	28. Blómkálssúpa með brauði. Ávextir. Sprengidagur	Frá og með 1. febrúar eru matráðaskipti hjá okkur í mötuneytinu í Hörðuvallaskóla. Andrea hefur látið af störfum og við þökkum henni kærlega fyrir gott samstarf og vel unnin störf. Við matráðsstarfinu hefur tekið Thirumahal Nanda Gajendran en hún vann áður á leikskólanum Sólhvörfum. Netfangið hennar er thirumahaln@kopavogur.is				

Muna:

- Vetrarfrí er dagana 20.-21. febrúar og í vetrarfríinu er lokað í dægradvöl
- Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!
- Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Lindasafni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30
- Kynningarfundur um „tækniuppeldi“ í skólanum í Vallakór 1. feb kl. 19:30 - sjá forsíðu..